

Hluthafafundur Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. (VBM) Fundargerð

Haldinn þriðjudaginn 3. september 2024, kl. 15:00 að Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík.

Fundurinn er einnig haldinn rafrænn skv. heimild í samþykktum félagsins tölulið 3.21 og hlutafélagalaga gr. 80.a. Notast er við fjarfundarbúnað „Microsoft Teams Meeting“.

Mætt voru: Bjarni Kristinn Torfasson f.h. Almenna lífeyrissjóðsins og Gunnar Þór Ásgeirsson f.h. Gildi lífeyrissjóðs, Daði Bjarnason fyrir ELHV ehf., Kristofer Tryggvi Eiríksson fyrir Arion banka, Hrafn Steinarsson fyrir lífeyrissjóð verslunarmanna, Jón L. Árnason fyrir lífeyrissjóðinn Lífsverk og Katrín Ýr Pétursdóttir frá T-Plús en auk þeirra Birna Einarsdóttir, stjórnarformaður, Ómar Örn Tryggvason stjórnarmaður og fulltrúi Innviðir fjárfestingar, Sigrúður Ármann stjórnarmaður, Halldóra Guðrún Hinriksdóttir framkvæmdastjóri, og Einar Örn Davíðsson lögfræðingur VBM.

Setning fundar

Birna Einarsdóttir stjórnarformaður setti fundinn klukkan 15:05 og bauð fundarmenn velkomna á hluthafafund félagsins.

a) Kosning fundarstjóra

Stjórnarformaður gerði að tillögu sinni að Einar Örn Davíðsson lögfræðingur VBM yrði fundarstjóri og var það samþykkt án mótakvæða og tók hann við stjórn fundarins.

b) Kosning fundarritara

Fundarstjóri gerði að tillögu sinni að Halldóra Guðrún Hinriksdóttir framkvæmdastjóri VBM yrði fundarritari og var sú tillaga samþykkt með öllum atkvæðum.

c) Lögmæti fundar

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins, m.t.t. boðunar og mætingar. Fundur var boðaður með fundarboði þann 19. ágúst sl. og fundargögn send þann sama dag. Hlutaskrá félagsins liggur fyrir á fundinum og samkvæmt henni var í upphafi fundar mætt fyrir 91,07% hlutafjár í félaginu. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan að því búnu og voru engar athugasemdir gerðar þar við.

Gengið var til dagskrár.

1. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri fjölluðu um rekstur VBM og rekstraráætlun 2024 til 2026. Sjá nánar í kynningu fundarins og skýrslu stjórnar meðfylgjandi fundarboði.

Fyrir liggja liggur tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum félagsins um heimildir stjórnar til hækkunar hlutafjár í félaginu sem hljóðar svo:

Tillaga stjórnar um heimildir til hækkunar hlutafjár:

Tillaga frá stjórn er að bætt verði við ákvæði 2.1.

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins, í einu lagi eða áföngum, um allt að 50.000.000 kr. að nafnvirði með áskrift nýrra hluta. Stjórn skal ákveða gengi, greiðslukjör og skilmála vegna hækkunarinnar og hvort unnt sé að greiða fyrir þá með öðru en reiðufé. Hluthafar hafa forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum, en nýti hluthafar ekki forgangsrétt sinn er stjórn heimilt að bjóða öðrum að skrá sig fyrir nýju hlutafé. Hina nýju hluti má selja og veðsetja með sama hætti og eldri hluti í félaginu og gilda sömu ákvæði um réttindi hluta og mælt er fyrir um í samþykktum að öðru leyti. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi viðkomandi hlutafárhækkunar. Heimild stjórnar félagsins til hlutafjárhækkunar samkvæmt þessari málsgrein fellur niður 31. desember 2024 að því marki sem hún er þá enn ónotuð eða þar til hún er felld niður með ákvörðun hluthafafundar.“

Tillaga stjórnar er

- að bjóða hluthöfum áskrift að fjárhæð 50 milljónir að nafnverði eða 200 milljónir að raunvirði,
- að áskriftarfrestur verði til kl. 16:00 þann 17.09.2024
- að gjalddagi áskriftarloforðs verði kl. 16:00 þann 24.09.2024.
- og að hvers hlutar verði 4 krónur.

Um meginefni tillagnanna vísast til skýringa og greinargerðar sem meðfylgjandi eru í fundarboði.

Orðið var gefið laust, en enginn tók til máls.

Tillagan var borin upp og staðfest með öllum greiddum atkvæðum.

2. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.



Fundarstjóri óskaði eftir heimild til að ganga frá fundargerð með fundarstjóra. Var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið klukkan 15:22